

AUGLÝSING

um notkun heimildar til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 94 29. des. 1948 til að innheimta með viðauka eftirgreind gjöld á árinu 1949:

1. Með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfangjöld og lesta-gjald.
2. Með 50% viðauka eignarskatt samkvæmt 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1949.
3. Með 200% viðauka gjöld til ríkissjóðs samkvæmt IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna. Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðs-hluta, sem um ræðir í 1. gr. fyrrgreindra laga, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal seppt.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1948.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

AUGLÝSING

um notkun heimildar laga nr. 98/1948 um að fella niður tolla af kornvöru, lækka tolla af sykri o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum frá 29. desember 1948, um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðeika atvinnuveganna, hefur ráðuneytið ákveðið:

1. Að fella niður á árinu 1949 tolla af baunum, ertum, linsum, hveiti, rúgi, ris með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli úr hveiti, úr rúgi, úr ris, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjón-um úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr ris og öðru ótöldu.
2. Að lækka um helming á árinu 1949 tolla af sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri, (kandís) og toppa-sykri.
3. Að innheimta á árinu 1949 með 50% viðauka gjald af kaffibæti samkv. 3. kafla 2. gr. laga nr. 60 1939.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1948.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.